

M-51/2019. Álit 20. janúar 2020.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. janúar 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-51/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 19. júlí 2019 bað, X hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina haldna galla og krefst riftunar á kaupunum.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðt kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi fest kaup á bifreiðinni XX-000, af gerðinni Hyundai Getz, árgerð 2005, af seljanda fyrir 200.000 krónur þann 10. júlí 2019. Álitsbeiðandi segir seljanda hafa fullyrt fyrir kaupin að bifreiðin væri í góðu lagi og að bifreiðin þarfnist ekki viðgerðar. Degi eftir kaupin kveðst álitsbeiðandi hins vegar hafa tekið eftir því að bifreiðin virki aðeins eðlilega þegar vélin er heit. Þurfi því að kveikja á bifreiðinni og bíða í um 20 mínútur þar til unnt er að aka bifreiðinni að sögn álitsbeiðanda, annars virki sjálfsskipting bifreiðarinnar ekki með réttum hætti. Seljandi hefur ekki fallist á riftun kaupanna.

Hinn 15. desember 2019 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir gögnum til stuðnings kröfu álitsbeiðanda líkt og kaupsamningi eða nánari upplýsingum um málsatvik og ástand bifreiðarinnar.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli tilgreindrar heimildar telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

IV

Álitsorð

Álitsbeiðni álitsbeiðanda, X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson